

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1119 Laxar Fiskeldi ehf. (IS-36072) Bakka II, Ölfusi	Bakka II, Ölfusi 816 Ölfus	Rafn Heiðdal Stöðvarstjóri Jóhannes Skagfjörð Sigurðsson Framleiðslustjóri Seiðaldis			
Til efni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	18.10.2019	21.10.2019	5,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunatriða af 11. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 4 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávik

2.1.1 Rekstrarleyfi

Frávik

3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

3.3.2 Búnaður vegna slyasleppinga

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Aðrar athugasemdir

Farið var yfir gæðakerfi fiskeldisstöðvarinnar með ábyrgðarmönnum og í framhaldinu var aðbúnaður og fiskheldni stöðvarinnar skoðuð.

Ekki var grind fyrir röri/niðurfalli úr kassa þar sem afföll eru tekin eins og á að vera samkvæmt reglugerð 1170/2015 um fiskeldi.

Framleiðsla stöðvarinnar var umfram heimild árið 2017, 2018 og 2019. Fyrirtækið hefur sótt um rekstrarleyfi vegna aukinnar framleiðslu eldisstöðvarinnar, eða 100 tonn. Umsóknin er ekki fullnægjandi skv. 12. gr. í reglugerð 1170/2015 um fiskeldi. Ásamt því að 100 tonn er ekki nóg til að heimila það sem framleitt var í stöðinni 2018 og 2019. Matvælastofnun óskar eftir að fullnægjandi umsókn berist ásamt fylgigögnum fyrir 12. nóvember næstkomandi.

Umsókn um stækkun á rekstrarleyfi ásamt fylgigögnum þarf að berast fyrir 12. nóvember nk. en úrbætur á öðrum athugasemdum þurfa að fara fram fyrir 21. janúar 2020.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Laxar Fiskeldi ehf. (IS-36072) Bakka II, Ölfusi
Bakka II, Ölfusi
816 Ölfus
Staða: Í gildi
Kennitala: 6212051370

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - Klak - Klakstöð - 1 2
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 18.10.2019

Alvarlegt frávík

Skv. rekstrarleyfi er einungis heimilt að framleiða 20 tonn á ári. Framleiðsla fiskeldisstöðvarinna fór fram úr heimild árið 2017 um 55,85 tonn, árið 2018 um 140 tonn og hafa nú þegar farið fram yfir framleiðslu árið 2019. Framleiðslustjóri seiðeldisstöðva telur að framleiðslan verði 160 tonn árið 2019.

Sótt hefur verið um rekstrarleyfi vegna aukinnar framleiðslu eldisstöðvarinnar, eða 100 tonn. Umsóknin er ekki fullnægjandi að því undanskyldu að 100 tonn er ekki nóg til að heimila það sem framleitt er í stöðinni 2018 of 2019.

Fyrirtækið áætlað að sækja um stækkun á rekstrarleyfi svo að framleiðsla fiskeldisstöðvarinnar rúmist innan rekstrarleyfisins. **Matvælastofnun krefst þess að fyrirtækið sendi inn formlega umsókn um stækkun ásamt öllum nauðsynlegum fylgigögnum fyrir 12. nóvember nk.**

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 18.10.2019

Frávík

Ekki er til staðar yfirlits mynd fyrir eldisstöðina.

Skv. 6 lið í 12. gr. í reglugerð nr 1170/2015

Upplýsingar um heildarstærð stöðvar í rúmmetrum, staðsetningu og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga

Sett inn: 18.10.2019

Frávík

Búnaður til að endurheimta fisk ef upp kemur strok, var ekki til staðar.

37. gr. og 4 viðauki í Reglugerð um fiskeldi.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Sett inn: 18.10.2019

Frávík

Staðfesting á þjálfun nýliða í viðbragðsáætlun vegna slysasleppingu, ekki skráð í þjálfunarhandbók.

Skv. 45.gr. í reglugerð um fiskeldi.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

3.2.3 Velferð fiska

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga

4.1.1 Dagbókarfærslur

4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu

6.1.1 Mat á úrbótum

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfærðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Jóhannes Skagfjörð Sigurðsson
Laxar Fiskeldi
Hlíðarsmára 4
201 Kópavogur

Selfoss 7. nóvember 2019
Tilvísun: 1910902

Efni: Andmæli vegna eftirlitsskýrslna nr. 17877, 17912 og 17917

Andmæli vegna eftirlitsskýrslna bárust Matvælastofnun í tölvupósti 31. október 2019. Farið var í eftirlit 16. október sl. að Laxabraut og 18. október sl. að Bakka og Fiskalóni. Eftirlitsmaður Matvælastofnunar gerði athugasemdir við nokkur atriði og ábyrgðar maður stöðvarinnar andmælir hluta þeirra athugasemda. Fiskeldisstöðvum er skipt hér að neðan og farið yfir þau andmæli sem liggja fyrir vegna hvers stöðvar fyrir sig.

Bakki (FE-1119):

1. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að framleiðslustjóri seiðaeldisstöðva telji að framleiðslan verði 160 tonn árið 2019. Laxar fiskeldi andmæla því svohljóðandi: „*Hér gætir því miður misskilnings á orðum framleiðslustjóra um eldismagn. Hið rétta er að framleiðsla verður svipuð og árið 2019. Óskað er vinsamlega eftir leiðréttingu hvað þetta efni varðar.*“ Matvælastofnun tekur tillit til þessa andmæla og verður setningin eftirfarandi: „*Ábyrgðarmaður stöðvarinnar telur að framleiðslan verði svipuð og árið 2018 sem var þá 160 tonn.*“
2. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að bent er á að 100 tonn séu ekki nóg til að rúma framleiðslu stöðvarinnar árin 2018 og 2019. Laxar fiskeldi andmæla því svohljóðandi: „*Framleiðsluheimildir á bæði Bakka og Fiskalóni eru takmarkaðar og hefur það áhrif á framleiðslulotur stöðvanna. Laxar hafa um nokkurt skeið unnið að stækkun leyfa á framangreindum stöðvum. Þegar full leyfi fást á Bakka og Fiskalóni munu stöðvarnar nýtast betur saman svo og með Laxabraut. Á þeim tíma munu þær framleiðsluheimildir duga til að rúma þá framleiðslu sem fyrirhuguð er á bæði Bakka og Fiskalóni. Er þess óskað að framangreind athugasemd stofnunarinnar verði fjarlægð úr skýrslunni.*“ Matvælastofnun tekur ekki tillit til þessara andmæla. Athugasemd Matvælastofnunar á rétt á sér í ljósi þess að Laxar fiskeldi hafa framleitt umfram 100 tonn að Bakka árið 2018 og stefna að því aftur 2019.
3. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að bent er á að sækja þurfi um rekstrarleyfi vegna Bakka og skila inn nauðsynlegum fylgigögnum fyrir 12. nóvember 2019. Fram kemur að rekstrarleyfisumsókn sem er til meðferðar hjá stofnuninni sé ekki fullnægjandi, bæði undir lið 2.1 og undir liðnum „aðrar athugasemdir“. Laxar fiskeldi andmæla því svohljóðandi: „*Rekstrarleyfisumsókn ásamt öllum fylgigögnum var send stofnuninni snemma árs 2019 en síðasta sending fylgigagna barst stofnuninni þann 8. mars 2019. Öll fylgigögn hafa borist en umsóknin hefur ekki verið yfirfarin af hálfu stofnunarinnar að því er fram kemur í samtölum við sérfræðinga hennar. Í ljósi þess að Laxar hafa þegar skilað inn öllum gögnum er óskað eftir því að tekið sé fram að umsókn sé í yfirferð fremur en að hún sé ófullnægjandi.*“ Matvælastofnun tekur tillit til þessa andmæla og verður setningin eftirfarandi: „*Ný umsókn um allt að 100 tonna framleiðslu er til yfirferðar hjá Matvælastofnun.*“

Fiskalón (FE-1120) :

1. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að ábyrgðarmaður stöðvarinnar telji að framleiðslan verði um 50 tonn árið 2019. Laxar fiskeldi andmæla því svohljóðandi: „Hér gætir því miður misskilnings á orðum framleiðslustjóra um eldismagn. Hið rétta er að framleiðsla verður svipuð og árið 2018. Óskað er vinsamlega eftir leiðréttingu hvað þetta efni varðar.“ Matvælastofnun tekur tillit til þessa andmæla og verður setningin eftirfarandi: „Ábyrgðarmaður stöðvarinnar telur að framleiðslan verði svipuð og árið 2018 sem var þá 57 tonn.“

Laxabraut (FE-1132):

1. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að ábyrgðarmaður stöðvarinnar telji að framleiðslan verði um 600-700 tonn árið 2019. Laxar fiskeldi andmæla því svohljóðandi: „*Framleiðslustjóri tilgreindi ekki framleiðslu næsta árs á Laxabraut í eftirlitinu, heldur minntist á að framleiðsla yrði svipuð og í fyrra. Er þess því óskað að setningin verði fjarlægð úr skýrslunni.*“ Matvælastofnun tekur tillit til þessa andmæla og verður setningin eftirfarandi: „Ábyrgðarmaður stöðvarinnar telur að framleiðslan verði svipuð og árið 2018 sem var þá 700 tonn.“
2. Í eftirlitsskýrslu kemur fram að framleiðsla hafi farið 200 tonn fram úr heimildum árið 2018. Laxar fiskeldi andmæla því svohljóðandi: „*Í framleiðsluskýrslu Laxabrautar sem send var Matvælastofnun 6.2.2019, og náði til ársins 2018, er tilgreind sala úr stöð um 700 tonn. Vilja Laxar benda á að í framleiðsluskýrslu ársins á undan, sem send var Matvælastofnun þann 21.02.2018 og nær til ársins 2017, kom fram að í ársbyrjun 2018 voru fyrir í stöðinni um 90 tonn. Þar að auki er lífmassi fluttur í stöðina frá bæði Bakka og Fiskalóni á Laxabraut. Endurspeglar sala úr stöðinni þar af leiðandi ekki raunframleiðslu á Laxabraut. Sala úr stöð nam 700 tonnum árið 2018, en heildarframleiðsla á lífmassa sama ár var við leyfileg mörk, eða um 515 tonn. Í því sambandi má jafnframt benda á að í framleiðsluskýrslu fyrir árið 2018 kemur fram að árið 2018 nam fóðrun 481.303 kg og fóðurstuðull var á því tímabili 0,93. Óskað er vinsamlega að athugasemd um “frávik” verði fellt úr skýrslu.*“ Matvælastofnun tekur ekki tillit til þessa andmæla. Rekstrarleyfi Laxa fiskeldis að Laxabraut heimilar framleiðslu á allt að 500 tonnum og hámarkslífmassi má aldrei fara yfir 500 tonn á hverjum tíma. Laxar fiskeldi hafa brotið skilyrði rekstrarleyfisins.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis